

Dómstólasýslan

06 220

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Dómstólasýslan

kt. 470717-1140

Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Dómstólasýslan er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um dómstóla. Dómstólasýslan er sjálfstæð stjórnslustofnun sem annast sameiginlega stjórnslu dómstólanna. Dómstólasýslan tók til starfa með gildistöku nýrra laga um dómstóla nr. 50/2016 sem tók gildi 1. janúar 2018.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 2 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2025 var ársveltan kr. 425,6 milljónir og afkoma kr. -6,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 30,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 300,3 milljónir.

Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál. Einnig staðfesti ég að eftirfarandi sé samkvæmt minni bestu vitund og þekkingu.

Innleitt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur og að ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.

Að útgjöld og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málefnasviða/málaflokka er rétt.

Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir eða veðsetningar sem hvíla á eignum.

Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum eru viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, þar á meðal ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila, skuldbindandi samningum, skaðabótakröfur, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðuna. Þær koma fram í ríkisreikningi og séryfirlitum með ríkisreikningi eftir því sem við á.

Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðuna í lok árs.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Dómstólasýslunnar fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2025

	Skýr	2025	2024
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	401.000.000	389.000.000
Framlög, gjafir og aðrar tekjur	3	879.215	472.600
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	<u>23.758.925</u>	<u>20.144.478</u>
Tekjur samtals		425.638.140	409.617.078
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	288.659.708	264.465.466
Annar rekstrarkostnaður	5	118.923.286	91.244.009
Afskriftir og niðurfærslur	6	<u>23.758.925</u>	<u>20.144.478</u>
Gjöld samtals		431.341.919	375.853.953
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(5.703.779)	33.763.125
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármagnsgjöld		(338.225)	(88.569)
Gengishagnaður, nettó gengisáhrif		<u>0</u>	<u>8</u>
		(338.225)	(88.561)
Afkoma ársins		<u>(6.042.004)</u>	<u>33.674.564</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur		<u>(6.042.004)</u>	<u>33.674.564</u>
		(6.042.004)	33.674.564

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Tengdir aðilar	7	234.928.715	220.024.250
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	19.609.974	34.294.731
Óefnislegar eignir	9	45.766.349	36.885.398
Eignir samtals		300.305.038	291.204.379
Skuldir			
Aðrar skuldir	10	21.198.903	28.932.103
Tengdir aðilar	7	401.916	681.444
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda		248.088.463	225.147.388
Skuldir samtals		269.689.282	254.760.935
Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals		30.615.756	36.443.444
Eigið fé			
Hrein eign		30.615.756	36.443.444
Eigið fé samtals	11	30.615.756	36.443.444
Eigið fé og skuldir samtals		300.305.038	291.204.379

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2025

	Skýr	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(6.042.004)	33.674.564
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	23.758.925	20.144.478
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(23.758.925)	(20.144.478)
		<u>(6.042.004)</u>	<u>33.674.564</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		13.775.204	(36.812.078)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(7.733.200)	3.137.514
		<u>6.042.004</u>	<u>(33.674.564)</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna	9	(5.608.207)	(4.690.141)
Kaupverð óefnislegra eigna, verk í vinnslu	9	(10.142.081)	(3.376.351)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(2.204.831)	(6.730.071)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu	8	0	(12.138.641)
		<u>(17.955.119)</u>	<u>(26.935.204)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		17.955.119	26.935.204
		<u>17.955.119</u>	<u>26.935.204</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2025	400.500.000	46.700.000	447.200.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	400.500.000	46.700.000	447.200.000
Launabætur	500.000	0	500.000
Fjárveiting ársins	401.000.000	46.700.000	447.700.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2024, (umframráðstafað)	36.443.444	153.967.259	190.410.703
Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins ..	214.316	0	214.316
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	437.657.760	200.667.259	638.325.019
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(407.042.004)	(17.955.119)	(424.997.123)
Staða fjárveitinga í lok árs 2025	30.615.756	182.712.140	213.327.896

Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2025	31.12.2024
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	65.376.323	71.180.129
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	182.712.140	153.967.259
	248.088.463	225.147.388

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2025 2024

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Tekjufærsla fjárveitinga	401.000.000	389.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	23.758.925	20.144.478
	<u>424.758.925</u>	<u>409.144.478</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	400.500.000	0	0	400.500.000
Launabætur	500.000	0	0	500.000
Fjárveiting til tekna	401.000.000	0	0	401.000.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(407.042.004)	0	0	(407.042.004)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(6.042.004)	0	0	(6.042.004)

3 Framlög, gjafir og aðrar tekjur

Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	582.215	0
Ýmsar aðrar tekjur	297.000	472.600
	<u>879.215</u>	<u>472.600</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	241.082.817	220.979.975
Breyting á áföllnu orlofi	(716.361)	(1.277.386)
Launatengd gjöld	47.331.181	43.807.177
Samtals launakostnaður	<u>287.697.637</u>	<u>263.509.766</u>
Starfsmannakostnaður	962.071	955.700
	<u>288.659.708</u>	<u>264.465.466</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	7,0	6,7

Skýringar

5 Annar rekstrarkostnaður	2025	2024
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	211.094	179.459
Byggingarvörur, almennar	50.168	0
Ýmis tæki og áhöld	996.906	192.579
Varahlutir og viðhaldsvörur	62.466	0
Orkugjafar	503.692	295.956
Matvæli	1.476.849	2.194.783
Almennar rekstrarvörur	235.951	185.613
Vörukaup, almenn	3.537.126	3.048.390
Fundir, námskeið, risna	4.028.643	4.532.642
Ferðir, uppihald	1.757.664	1.281.585
Akstur	399.683	626.431
Sérfræðiþjónusta	29.871.246	17.436.920
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	36.390	40.919
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	3.713.758	684.163
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	362.129	341.739
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	40.169.513	24.944.399
Afnotagjöld	45.687.898	32.822.578
Leigugjöld	15.688.453	11.469.934
Notkun véla og flutningatækja	68.200	0
Verkkaup	12.704.762	17.890.674
Kostnaðarhlutdeild	1.060.994	1.068.034
Opinber gjöld	6.340	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	75.216.647	63.251.220
Annar rekstrarkostnaður samtals	118.923.286	91.244.009
6 Afskriftir og niðurfærslur	2025	2024
Áhöld, tæki og búnaður	6.132.979	4.579.814
Niðurfærsla óefnislegra eigna	17.625.946	15.564.664
	23.758.925	20.144.478
	31.12.2025	31.12.2024
7 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	234.928.715	220.024.250
Skuldir við tengda aðila	(401.916)	(681.444)
	234.526.799	219.342.806

Skýringar

8 Varanlegir rekstrarfjármunir 31.12.2025 31.12.2024

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	19.609.974	22.156.090
	<u>19.609.974</u>	<u>22.156.090</u>
Verk í vinnslu, fasteignir.....	0	12.138.641
	<u>19.609.974</u>	<u>34.294.731</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2025:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2025	41.388.855	0	0	0	41.388.855
Viðbætur á árinu	3.586.863	0	0	0	3.586.863
Selt/úrelt á árinu	0	0	0	0	0
	<u>44.975.718</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>44.975.718</u>
Afskriftir 01.01.2025	19.232.765	0	0	0	19.232.765
Afskrift ársins	6.132.979	0	0	0	6.132.979
Selt/úrelt á árinu	0	0	0	0	0
	<u>25.365.744</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>25.365.744</u>
Staða 31.12.2025	<u>19.609.974</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>19.609.974</u>
				31.12.2025	31.12.2024

9 Óefnislegar eignir

Hugbúnaður	29.433.883	24.624.510
Verk í vinnslu, óefnislegar eignir.....	16.332.466	12.260.888
	<u>45.766.349</u>	<u>36.885.398</u>

Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2025:

	Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2025	68.058.185
Viðbætur á árinu	22.435.319
	<u>90.493.504</u>
Niðurfært 01.01.2025	43.433.675
Niðurfærsla ársins	17.625.946
	<u>61.059.621</u>
Staða 31.12.2025	<u>29.433.883</u>

10 Aðrar skuldir 31.12.2025 31.12.2024

Áfallið og ógreitt orlof	13.933.009	14.649.370
Viðskiptaskuldir	6.669.355	14.227.211
Ýmsar skuldir	596.539	0
Skammtímakröfur, endurfl	0	55.522
	<u>21.198.903</u>	<u>28.932.103</u>

Skýringar

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2025	31.12.2024
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	36.443.444	2.768.880
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	214.316	0
Afkoma ársins	(6.042.004)	33.674.564
Jöfnuður 31.12.	<u>30.615.756</u>	<u>36.443.444</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.